

Lúsin

Eins og foreldrar hafa orðið varir við hefur töluvert orðið vart við lús hjá okkur í haust. Það er afar mikilvægt að slaka ekki á og halda áfram að kemma reglulega og láta skólann vita ef upp koma tilfelli þannig að hægt sé að gera öðrum foreldrum einnig viðvart.



Breytingar á mataráskrift

Við minnum á að ef um er að ræða breytingar á mataráskrift nemenda þá þurfa tilkynningar um það að hafa borist í íbúagátt Kópavogs fyrir 20. hvers mánaðar. Breytingar taka svo gildi um næstu mánaðarmót þar á eftir.

Niðurstöður lesfimiþrófa

Niðurstöður lesfimiþrófa sem lögð voru fyrir í september eru nú aðgengilegar á mentor. Í prófunum var mældur lestrarhraði hjá nemendum í 2.-10. bekk. Nemendur í 1. bekk sitja hjá í septemberfyrirlögninni en taka þátt í hinum fyrirlögnum skólaársins sem eru í janúar og maí.

Kæra skólasamfélag

Þá er október genginn í garð og skólastarfið gengur sinn vanagang. Að venju eru nokkrir kennslulausir dagar í október, þ.e. starfsdagur og vetrarleyfi. Starfsdagurinn 12. október er sem endranær nýttur til fræðslu og samráðs starfsmanna en þetta er líka annar af tveimur starfsdögum Hörðuheima á skólaárinu og því er lokað þar þennan dag.

Enn standa yfir framkvæmdir við nýja körfuboltavöllinn á skólalóðinni í Baugakór og er fyrirséð að enn séu þrjár vikur þar til þeim lýkur. Jafnframt verða nú í mánuðinum settar upp körfur við skólann í Vallakór til að bæta örlítið afþreyingarmöguleika nemenda þar. Af bókasafninu er það að segja að þau húsgögn sem beðið var eftir eru að skila sér smátt og smátt og þar ættu allir lausir endar að vera hnýttir í lok október. Rýmið er hins vegar komið í fulla notkun og kemur bara þrýðilega út, nemendur eru heilmikið að vinna í miðrymi skólans og gaman að sjá þar betri nýtingu og meira líf og starf. Þá er heildarmyndin á miðryminu orðin mun hlýlegri og skemmtilegri.

Ég vek athygli á að starfsáætlun skólaársins er nú orðin aðgengileg á heimasíðunni en hlutverk hennar er að ramma inn starfið og helstu markmið okkar fyrir skólaárið. Þar er einnig að finna ýmsar hagnýtar upplýsingar fyrir foreldra og því æskilegt að allir kynni sér ritið.

Eins og allir hafa vísat frétt höfum við áhyggjur af að hópasöfnun á skólalóðinni á kvöldin og um helgar sé að taka sig upp aftur eins og síðastliðið haust. Við höfðum því fund með foreldrum í síðustu viku til að efla samstöðuna í hópnum varðandi foreldraröltið og eftirlit og upplýsingagjöf um það sem fram fer í hverfinu. Í þessu máli er foreldraröltið lykilatriði sem og að allir láti sig varða það sem þeir sjá að betur megi fara og komi þá upplýsingum áleiðis til skólans. Á fundinum komu myndavélamál töluvert til umræðu en þar er staðan enn óbreytt, við höfum tvær myndavélar við skólann en tvímælalaust væri gott að þær væru fleiri og við reynum að beita okkur fyrir að fá úrlausn þeirra mála. Að öðru leyti gengur skólastarfið þrýðilega fyrir sig og útlit fyrir gott og árangursríkt skólaár hjá okkur í vetur.

Bestu kveðjur úr skólanum, Ágúst Jakobsson skólastjóri

Innleiðing á núvitund í skólastarfinu

Í samræmi við stefnu skólans erum við smátt og smátt að fíkra okkur áfram í nýtingu núvitundar í skólastarfinu. Sú vinna hefur enn sem komið er snúið að mestu að fræðslu til starfsfólks en þó erum við byrjuð að vinna aðeins með þetta með nemendum líka. Nú hefur Hörðuvallaskóli gert saming við Núvitundarsetrið um að innleiða núvitund inn í skólastarfið á næstu tveimur árum. Með núvitund er um að ræða heildræna nálgun sem byggir á gagnreyndum aðferðum og hefur verið unnin í samstafi við Embætti landlæknis og er í samræmi við Lýðheilsustefnu. Markmið þessa verkefnis er að auka vellíðan, seiglu og einbeitingu barna sem og að auka vellíðan starfsmanna í samfélagi nútímans sem einkennist af hraða og áreiti.

Norðurlandameistarar í skólaskák!

Norðurlandaskákmót grunnskólasveita fór fram í Tampere í Finnlandi, vinabæ Kópavogs, 7.-9. september 2018.

Teflt var í tveimur aldursflokkum; yngri (1.-7. bekk) og eldri (8.-10. bekk). Sex sveitir tóku þátt í hvorum flokki, skipaðar 4 aðalmönnum og einum varamanni. Þar af voru tvær frá gestgjöfunum, Finnum, og ein sveit frá hverju hinna Norðurlandanna þ.e. Danmörku, Svíþjóð, Noregi og Íslandi.

Harðsnúin sveit Hörðuvellinga vann sigur í eldri flokki með 17 ½ vinning af 20 mögulegum. Sveitina skipuðu að venju Vignir Vatnar Stefánsson, Stephan Briem, Arnar Milutin Heiðarsson, Sverrir Hákonarson, Benedikt Briem og Óskar Hákonarson. Drengirnir eru allir í 10. bekk nema Benedikt sem er í 7. bekk.

Þetta er í annað sinn sem liðsmenn HV vinna Norðurlandameistartitill. Í fyrra skiptið var það í yngri flokki 2016 þegar mótið var haldið í Osló en í fyrra hlaut sveitin bronsverðlaun.

Við óskum skákhettjunum okkar hjartanlega til hamingju með þennan frábæra árangur!



Starfsáætlun og umbótatillögur

Nú höfum við birt starfsáætlun skólans fyrir skólaárið 2018-2019 á heimasíðunni okkar. Nálgastr má ritið beint á slóðinni:

https://www.horduvallaskoli.is/static/files/2018-2019/starfsaaetlun_2018_2019.pdf

Í starfsáætlun eru teknar saman helstu upplýsingar sem varða skólastarfið ár hvert og er hún hluti af skólanámskrá skólans. Meðal þess sem birtist í áætluninni er yfirlit yfir helstu verkefni skólaársins en með hliðsjón af matsgögnum frá síðasta vetri höfum við sett niður eftirfarandi umbótatillögur fyrir skólaárið:

Ágúst 2018:

Fræðsla að hausti skv. endurmenntunaráætlun og með námskeiðahaldi í samstarfi við menntasvið Kópavogsbæjar.

Áfram haldið með vinnu skv. læsisstefnu. læsisstundir á stundaskrá hjá öllum nemendum.

Unnið með nýjar skólareglur með nemendum og þær gerðar sýnilegar.

Bókasafn skólans flutt og endurskipulagt.

Starfsemi Starfsmannafélags skólans endurskipulögð

Húsnæði unglíngadeildar endurskipulagt og ný kennslustofa tekin í notkun.

Teymistengiliðir skipaðir og fundaskipulag endurskipulagt með skilvirkni og tímasparnað að leiðarljósi.

September 2018:

Starfsmönnum skipt í umsjónarhópa og starfsmannasamtöl stjórnenda og heimsóknir í kennslustofur hefjast.

Endurskoðun á fyrirkomulagi námskynninga.

Nemendasamtöl umsjónarkennara hefjast

Fulltrúar nemenda í skólaráð kjörnir.

Vinaliðaverkefni á miðstigi fer af stað á nýjan leik.

Námslotur í mentor með tengingum við hæfniviðmið aðalnámskrár birtar nemendum og foreldrum.

Lesfímipróf lögð fyrir – markmið að nemendur séu ofan landsmeðaltals í öllum árgöngum.

Gengið frá samstarfssamningi við Núvitundarsetrið um stuðning við innleiðingu núvitundar.

Ráðning skrifstofustjóra.

Október 2018

Námskynningar haldnar með nýju sniði fyrir 5. og 8. bekk.

Heildarendurskoðun starfsmannahandbókar.

Tækjakostur til tæknivinnu og sköpunar bættur.

Námskrá í upplýsingatækni endurskoðuð og kynnt. Umræður og samráð um hvernig spjalddölvur nýtast sem best á hverju stigi.

Bekkjarkvöldum með atbeina umsjónarkennara og samstundaratríðum bekkja komið á fót.

Lokið við flutning upplýsingavers og aðstöðu fyrir starfsfólk þess.

Nóvember 2018:

Skólaþing á mið- og unglíngastigi.

Nemendaráð stofnað á miðstigi.

Boðið upp á 8 vikna núvitundarnámskeið fyrir starfsfólk sem það kýs.

Lausnateymi tekur til starfa.

Unnið við ferla vegna nýrra persónuverndarlaga.

Viðmið mótuð um mat á lykilhæfni skv. aðalnámskrá.

Desember 2018:

Endurskoðun á ferilmöppukerfi skólans.

Endurskoðun á eineltisstefnu skólans.

Einkunnarorð skólans gerð sýnileg í skólanum.

Unnin símenntunaráætlun fyrir næsta skólaár.

Janúar 2019:

Hafin vinna við áhugasviðsverkefni á mið- og unglíngastigi

Litla upplestrarkeppnin hefst í 4. bekk

Foreldraviðtöl dreifast á tvo daga, námsmat kynnt fyrir foreldrum.

Lesfímipróf lögð fyrir – markmið að nemendur séu ofan landsmeðaltals í öllum árgöngum.

Febrúar 2019:

Formleg starfsþróunarsamtöl stjórnenda við starfsmenn, aukin áhersla á markvissa símenntun starfsþróun starfsfólks.

Skoðun á hvernig staðið er að kennslu og þjálfun í ritun.

Endurskoðun á ferlum varðandi gerð einstaklingsnámskráa.

Mars 2019:

Endurskoðun á kafla skólanámskrár um námsmat. Umræður um námsmat í víðum skilningi.

Umræður um hvernig unnið er með sköpun í skólastarfinu. Stefnumið skólanámskrár hvað sköpun varðar endurskoðuð.

Lokið við gerð matsáætlunar til 5 ára.

Apríl 2019:

Starfsþróunarstefna endurskoðuð

Útikennsla – stefnumótun, umræður og undirbúningur undir næsta skólaár.

Skólaþing á mið- og unglíngastigi.

Ferlar vegna nýrra persónuverndarlaga fullunnir.

Niðurstöður samræmdra prófa í 9. bekk – markmið – framfarir frá 7. bekkjar prófum.

Varðandi eineltisáætlun skólans - upplýsingar fyrir foreldra

Í Hörðuvallaskóla leggjum við áherslu á jákvæð og uppbyggjandi samskipti og við leitum allra ráða til að fyrirbyggja einelti og ofbeldi og leysa þau mál sem upp koma á farsælan hátt. Í því skyni styðjumst við m.a. við eineltisáætlun skólans sem finna má á heimasíðunni eða beint á slóðinni: <http://www.horduvallaskoli.is/is/aaetlanir/eineltisaaetlun/> Auk þess er stöðugt ýmis önnur fyrirbyggjandi vinna í gangi af ýmsu tagi. Hér á eftir má finna nokkra punkta úr áætluninni sem gott er fyrir foreldra að skoða.

Foreldrar – er barn ykkar lagt í einelti?

Mögulegar vísbendingar:

- Barnið virðist einangrað eða einmana
- Einbeitingarörðugleikar, barnið hættir að sinna námi og einkunnir lækka
- Barnið neitar að fara í skólann eða hræðist að fara eitt í og úr skóla, biður um fylgd og/eða fer aðra leið
- Barnið skrúpar og/eða kemur of seint
- Breytingar á skapi, tíður grátur, viðkvæmni
- Árásargirni og erfið hegðun
- Lítið sjálfstraust, hræðsla, kvíði, svefntruflanir
- Breyttar matarvenjur, lystarleysi eða ofát
- Líkamlegar kvartanir
- Áverkar, rifin föt og/eða skemmdar eigur
- Barnið týnir peningum og/eða öðrum eigum
- Barnið forðast ákveðnar aðstæður í skólanum t.d. leikfimi og sund
- Barnið neitar að segja frá hvað amar að



Hvað getið þið gert?

- Rætt við og hlustað á barnið segja frá starfinu í skólanum og ferðum til og frá skóla
- Haft samband við umsjónarkennara, námsráðgjafa, stjórnendur skólans og/eða forráðamenn gerenda
- Brugðist við vanda barnsins með þolinmæði og umhyggju
- Látið barnið finna að það á ekki sök á eineltinu

Foreldrar - er barn ykkar gerandi?

Mögulegar vísbendingar:

- Barnið er árásargjarnt og sýnir yfirgang
- Barnið uppnefnir, stríðir og hótar
- Barnið stjórnar vinum og útilokar einhvern úr vinahópnum
- Barnið er ógnandi í samskiptum
- Barnið talar niðrandi um aðra.



Hvað getið þið gert?

- Gefið barninu skýr skilaboð um að einelti er alvarlegt mál og slík hegðun verði ekki liðin
- Fylgst vel með barninu og lagt ykkur fram um að kynnast vinum þess og hvernig það ver frittíma sínum
- Haft samband við skólann og fengið aðstoð við að bæta og breyta hegðun barnsins.

Foreldrar - fylgist með samskiptum barna

Einelti viðgengst oft vegna þess að nemendur vilja ekki vera stimplaðir sem klöguskjóður. Ræðið við börnin ykkar um muninn á því að klaga og segja frá. Með því að segja frá er hugsanlega verið að koma öðrum til aðstoðar sem líður illa.

Foreldrar eru bestu kennarar barna sinna og grunnur að góðum samskiptum er lagður á unga aldri. Foreldrar eru hvattir til að ræða um líðan og samskipti við börnin. Mikilvægt er að hafa strax samband við umsjónarkennara til að ræða áhyggjur af líðan barnsins í skólanum eða ef grunur vaknar um að einelti sé í gangi í félagahópnum. Gott upplýsingaflæði milli heimilis og skóla er forsenda þess að vel gangi að sporna við einelti.

Ráðning skrifstofustjóra

Í framhaldi af skipulagsbreytingum sem gerðar voru á stjórnun skólans síðastliðið vor hefur nú verið ráðinn skrifstofustjóri við skólann. Það er Nína Ýr Nielsen sem hefur undanfarin ár starfað sem kennari við unglíngastigið hjá okkur. Nína mun hefja störf sem skrifstofustjóri á næstu vikum en við erum að auglýsa eftir dönsku/umsjónarkennara í hennar stað. Skrifstofustjóri verður hluti af stjórnunarteymi skólans og sinnir m.a. hlutverkum sem snúa að daglegum rekstri skrifstofu skólans og samskiptum við þá aðila sem eiga samskipti við hana t.d. foreldra, nemendur, starfsfólk, skólayfirvöld og aðrar stofnanir. Skrifstofustjóri mun hafa yfirumsjón með rekstri mótuneytis og skólahúsnæðis, annast einnig umsjón með fjármálum, rekstri, upplýsingaflæði, innkaupum o.fl. í samstarfi við skólustjóra. Þá hefur skrifstofustjóri m.a. umsjón með framkvæmd umhverfisstefnu skólans, annast persónuverndarmál og vinnu við mat á skólastarfinu, annast tengsl við Starfsmannafélag og fleiri aðila.

Dagskrá Kúlunnar í október:

Facebook: kulankuluson
SnapChat: kulusnapid
Insta: felagsmidstodin_kulan

2018

Kvöldopnanir Október

Mánudagur Miðvikudagur Föstudagur

1 Hjartsláttur

3 LOKAÐ

5 Stinger, Pullur og Svalar -500kr

8 Opið hús/ Ræða Halloween

10 SneðluKvöld og Kósý

15 FORVARNAR- VÍKA

17 LANMÓT/ FORVARNAR- VÍKA

19 Eftirréttu keppni

22 Nammi Smökkun

24 KúluCrews Fundur

29 Undirbúningur fyrir draugahús

31 Halloween/ Draugahús

Kúlu Logo Keppni!!!

PosterMyWall.com

Munið foreldraröltið

Upplýsingar um skipulag þess er að finna á heimasíðu skólans

<http://www.horduvallaskoli.is/is/foreldrar/foreldrarolt/>

Röltvaktir í október eru sem hér segir:

5.okt.18	4.B
6.okt.18	5.A
12.okt.18	5.B
13.okt.18	5.G
19.okt.18	5.K
20.okt.18	Heimavarnarliðið
26.okt.18	5.M
27.okt.18	6.HG

Foreldrar—munið útivistartímann!

Forfallaskráningar í mentor

Nú geta forráðamenn skráð forföll í einstökum kennslustundum í mentor en ekki bara heila daga eins og áður var. Við minnum hins vegar á að forfallaskráningar í mentor eru einungis vegna veikinda. Umsjónarkennarar veita leyfi í 1-2 daga en ef um lengri leyfi er að ræða þarf að fylla út eyðublað sem nalgast má hjá riturum eða á heimasíðu skólans.

Munum að allar fjarverur úr skóla koma niður á námi nemenda og því afar mikilvægt að þeim sé haldið í lágmarki eins og mögulega er unnt.

Er unglingurinn þinn mögulega í neyslu?

Ráðgjöf til foreldra

Velferðarsvið Kópavogsbæjar hefur á að skipa fagfólki sem vill leggja sitt af mörkum og veita þannig ráðgjöf til foreldra um mögulegar leiðir í þessum vanda.

Boðið er upp á viðtöl á miðvikudögum frá klukkan 14:00-16:00.

Viðtölin fara fram í Fannborg 6. Nánari upplýsingar í síma 441 1551.



Kópavogsbær

kopavogur.is

Læsisáttmáli Heimila og skóla

Á heimasíðu Heimila og skóla er margt fróðlegt að finna en þar á meðal er læsisáttmáli sem er leiðarvísir og stuðningsefni fyrir foreldra. Bekkjarfulltrúar, umsjónarkennarar og aðrir geta nýtt sér áttmálann til að koma af stað umræðum um læsi og hlutverk

foreldra þegar kemur að námi og lestrarþjálfun barna en þarna er einnig að finna ýmsar gagnýtar upplýsingar og leiðbeiningar sem geta gagnast vel við lestrarþjálfunina. Sjá vefslóðina:

<http://www.heimiliogskoli.is/læsisattmali/>



Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
30.	1. Léttsaltaður þorskur m/ smjöri og soðnum kartöflum. Salatbar og ávextir.	2. Grænmetisbollur m/ brúnum hrísgrjónum og paprikusósu. Salatbar og ávextir.	3. Heitur pastaréttur m/ pastaskrúfum, beikoni, grænmeti og ostasósu. Ávextir. Forvarnardagur 9.b	4. Fiskiborgari m/ brauði, káli, tómötum, gúrku og papriku, kartöflubátum og sósu. Ávextir.	5. Úrbeinuð kjúklingalæri í grillmixi m/ brúnum hrísgrjónum. Salatbar og ávextir.	6.
7.	8. Gufusöðin ýsa m/ bræddu smjöri og soðnum kartöflum. Salatbar og ávextir.	9. Nautahakk, linsur og heilhveitipastaskrúfur í rauðri sósu. Salatbar og ávextir.	10. Hrísgrjónagrautur m/ kanilsykri, rúsinum, lifrarpýlsu og blóðmör. Ávextir.	11. Ýsa í orlý m/ brúnum hrísgrjónum og súrsætri sósu. Salatbar og ávextir.	12. SKIPULAGSDAGUR FRÍSTUND LOKUD	13.
14.	15. Fiskibollur m/ brúnni sósu, soðnum kartöflum og rabarbarasultu. Salatbar og ávextir.	16. Lambagúllas í karrysósu m/ brúnum hrísgrjónum. Salatbar og ávextir.	17. Píta með skinku, grænmeti og pítusósu. Ávextir.	18. HAUSTLEYFI FRÍSTUND LOKUD	19. HAUSTLEYFI FRÍSTUND LOKUD	20.
21.	22. Ýsa í raspi m/ soðnum kartöflum og sósu. Salatbar og ávextir. Viðtalsvika	23. Kalkúnabollur í BBQ m/ brúnum hrísgrjónum og maísbaunum. Salatbar og ávextir. Spilakvöld Foreldrafélagsins kl. 17-19	24. Bláberjaskyr m/ rjóma-blandi og heilhveitibrauð með smjöri, osti, gúrku og lifrankæfu. Ávextir. Námskygning 8.b	25. Heimalagaður plokkfiskur m/ rúgbrauði. Salatbar og ávextir. Námskygning 5.b	26. Grísnitsel m/ kaldri bernaisésósu og soðnum kartöflum. Salatbar og ávextir.	27.
28.	29. Ófnbakaður lax í kórí-anderlime marineringu, m/ soðnum kartöflum og hvítlaukssósu. Salatbar og ávextir.	30. Kjötfarsbollur m/ hvít-káli, bræddu smjöri og soðnum kartöflum. Salatbar og ávextir.	31. Ungversk gúllassúpa m/ nautagúllasi, grænmeti og grófu brauði. Ávextir. Íþróttamót á miðstigi	Heimanámsaðstoð á Bókasafni Kópavogs Aðstoðin er tvisvar í viku: • Á aðalsafni á þriðjudögum kl. 14:30-16:30 • Á Lindasafni á miðvikudögum kl. 14:30-16:30		

Muna:

- Frístund er lokuð á starfsdegi 12. okt og í haustleyfinu 18.-19. október
- Í vikunni 22.-26. okt verður boðið upp á viðtöl við umsjónarkennara sem jafnframt boða þá foreldra sem ástæða þykir til að fá til skrafs og ráðagerða - nánar auglýst síðar.
- Námskygningar hjá 8. bekk 24. okt og 5. bekk 25. okt - nánar auglýst síðar.
- Spilakvöld Foreldrafélagsins 23. okt kl. 17-19.